


NovoPen® 6))

Notkunarleiðbeiningar

Lestu þessar notkunarleiðbeiningar vel áður en þú notar NovoPen® 6 til inndælingar á insúlíni í fyrsta skipti. Stuttar leiðbeiningar eru á bakhlið leiðbeininganna



Efnisyfirlit

Yfirlit yfir hluta pennans
..... Innsíða kápunnar

Kynning Innsíða kápunnar

Mikilvægar athugasemdir 1

Undirbúningur pennans fyrir inndælingu

Insúlínörlykja sett í 2

Ef notað er hvítt eða skýjað insúlín..... 5

Ný nál sett á pennann 6

ALLTAF skal prófa insúlínflæðið

fyrir inndælingu 8

Skammtur valinn 10

Inndæling skammts 12

Eftir inndælingu 14

Hvernig nota skal skammtaminnið

Hvað er skammtaminni? 16

Hvernig síðasti skammtur er athugaður .. 18

Hvernig persónuleg skrá yfir

inndælingar er haldin 20

Hvernig athugað er hve mikið

insúlín er eftir 22

Ef þú þarft meira insúlín en
eftir er í rörlykjunni24

Hvernig skipt eru um notaða
insúlínörlykju26

Sérstök skilaboð í glugganum28

Hvernig hugsa skal um pennann.....30

Umhirða 30

Prif 30

Geymsla..... 31

Förgun..... 31

Ábyrgð 32

Tæknilegar upplýsingar 32

NovoPen® 6

Penni




Pennahetta



Insúlin-gluggi

Insúlin-kvarði

Hylki fyrir rörlykju



Stimpilsendi

Skammta-vísir

Lotunúmer (á hinni hliðinni)

Þrýsti-hnappur

Stimpils-stöng

Skammta-teljari

Auðkenni penna

Skammtaminni


Skammtaminni



Fjöldi eininga í síðustu inndælingu

Tími frá síðustu inndælingu (kk:mm:ss)

Einnota nál (dæmi)



Ytri nálar-hetta



Innri nálar-hetta



Nál



Pappír-sflipi

Insúlinrörlykja (Penfill® rörlykja 3 ml)



Festing fyrir nál (til að setja á nál)

Litakóðuð merking

Glerkúla (aðeins í hvítu og skyjuðu insúlíni)

Stimpill

Kynning

Takk fyrir að velja NovoPen® 6.
NovoPen® 6 er margnota insúlínþenni með skammtaminni.

NovoPen® 6 pakkningin inniheldur einn penna, mjúkt veski til að geyma í og þessar notkunarleiðbeiningar.

Lestu notkunarleiðbeiningarnar vandlega áður en þú notar pennann – líka þó að þú hafir áður notað NovoPen® 6 eða önnur svipuð hjálpartæki frá Novo Nordisk til inndælingar. Þær lýsa öllu sem þú þarft að vita um pennann og hvernig hann er notaður. NovoPen® 6 er margnota inndælingarþenni til notkunar af einum sjúklingi til inndælingar á insúlíni sem sjúklingar með sykursýki gefa sér sjálfir heima. NovoPen® 6 inndælingarþennann skal eingöngu nota ásamt viðeigandi vörum svo hann virki á nákvæman og öruggan hátt. Inndælingarþenninn er notaður ásamt Penfill® 3 ml rörlýkjum með insúlíni frá Novo Nordisk og einnota nálum (nálar fylgja ekki með). Notandi inndælingarþennans getur stíllt á þann skammt sem þarf frá 1 til 60 eininga, í 1 einingar þrepum.

Penninn er með skammtaminni sem hjálpar þér að muna fjölda eininga í síðustu inndælingu og tímunn sem liðinn er frá síðustu inndælingu. Skammtaminnið geymir einnig upplýsingar um þínar inndælingar síðustu þrjá mánuðina. *Sjá bls. 20-21* í notkunarleiðbeiningunum til að fá frekari upplýsingar um hvernig á að nota upplýsingarnar til að halda persónulega skrá um inndælingar. Til að halda persónulega skrá er hægt er að flytja upplýsingarnar til dæmis yfir í snjallsíma.

Penninn er margnota sem þýðir að þú getur notað hann aftur. Þegar þú hefur notað allt insúlínið í rörlýkjunni, skiptir þú einfaldlega um rörlýkju og setur nýja í. Ef þú notar meira en eina gerð af insúlíni er sterklega ráðlagt að þú notir mismunandi NovoPen® 6 fyrir hverja gerð af insúlíni.

Penninn fæst bæði grár og blár.

Mundu alltaf eftir því fyrir hverja inndælingu að athuga nafn og lit rörlýkjunnar til að ganga úr skugga um að hún innihaldi rétta gerð af insúlíni.

Ef ruglast er á insúlínum getur það haft alvarlegar læknisfræðilegar afleiðingar. Því er mælt með því að ef þú notar tvenns konar insúlín að ræða við heilbrigðisstarfsmann hvernig eigi að forðast rugling.

Um notkunarleiðbeiningarnar:

Í leiðbeiningunum eru gefin fyrirsmæli, skref fyrir skref, um hvernig nota á pennann.

Mikilvægar upplýsingar og frekari upplýsingar eru greinilega merktar með merkjunum sem sýnd eru hér fyrir neðan:



Mikilvægar upplýsingar


Veittu þessum athugasemdum sérstaka athygli þar sem þær eru mikilvægar fyrir örugga notkun þennans. Ef þú fylgir ekki fyrirsmælunum nákvæmlega getur þú fengið of lítið eða of mikið insúlín, eða ekkert insúlín.




Frekari upplýsingar

- **Ekki nota NovoPen 6 án þess að hafa fengið nægilega þjálfun** hjá læknum eða hjúkrunarfræðingi. Vertu viss um að vera örugg(ur) um hvernig inndæling er gefin áður en þú byrjar meðferð með pennanum.
 - **Ef þú ert blind/blindur eða sjónskert/sjónskertur máttu ekki nota NovoPen 6 án hjálpar.** Fáðu hjálp frá einstaklingi með góða sjón sem hefur fengið þjálfun í notkun NovoPen 6.
 - **Prófaðu ALLTAF insúlínflæðið fyrir hverja inndælingu.** Ekki nota pennann ef ekki kemur buna af insúlíni frá nálaroddu þegar flæðið er prófað. Ef þú prófar ekki insúlínflæðið gætir þú hugsanlega fengið of lítið insúlín, eða ekkert insúlín.
 - **Ef þú missir pennann** skaltu athuga hvort insúlínrörlykjan hafi skemmst, t.d. sprungið. Ef nauðsynlegt er skal skipta um rörlykjuna og setja nýja í.
 - **Ef þú fyrir slysi skrófar pennann í sundur** á milli inndælinga er mikilvægt að þú prófir insúlínflæðið fyrir næstu inndælingu. Nauðsynlegt getur verið að gera það nokkrum sinnum áður en insúlínbuna kemur frá nálaroddu. Ef ekkert insúlín kemur gætir þú e.t.v. ekki fengið neitt insúlín.
 - **NovoPen® 6 er hannaður til notkunar ásamt Penfill® 3 ml rörlykju og NovoFine® Plus, NovoFine® eða NovoTwist®** einnota nálum, allt að 8 mm að lengd.
- Novo Nordisk ber ekki ábyrgð á** skaða vegna notkunar NovoPen® 6 með öðrum vörum en þeim sem hér er getið um.
- **Athugaðu alltaf nafnið og litinn á rörlykjunni** til að vera viss um að hún innihaldi þá gerð af insúlíni sem þú átt að fá. Ef þú notar ranga gerð af insúlíni mun blóðsykurinn hugsanlega verða of hár eða of lágur.
 - **Hafðu aukapenna alltaf meðferðis** og auka insúlín af þeirri gerð eða þeim gerðum sem þú notar og aukanálar, ef þú týnir pennanum eða ef hann skemmist.
 - **Aldrei deila pennanum,** insúlínrörlykjum eða nálum með öðrum. Þetta er aðeins ætlað þér til að nota.
 - **Geymdu alltaf pennann,** insúlínrörlykjurnar og nálar þar sem aðrir hvorki ná til né sjá, sérstaklega börn.
 - **Geymdu pennann alltaf hjá þér.** Ekki skilja hann eftir í bílnum eða á öðrum stöðum þar sem getur orðið of heitt eða of kalt.
 - Umönnunaraðilar **verða að sýna sérstaka varúð þegar þeir fjarlægja og farga notuðum nálum** til að forðast stunguslys og krossmengun.


2 Insúlinrörlykja sett í



- Dragðu pennahettuna af.




- Snúðu hylkið fyrir rörlykjuna af. Leggðu það til hliðar til nota síðar.



- **Stimpilsstöngin gæti staðið út** úr pennanum. Ef svo er skal **þrýsta henni alveg inn** þar til hún stöðvast.

- **i** Stimpilsstöngin og endinn á stimpilsstönginni geta verið laus og hreyfst til. Það er eðlilegt og hefur ekki áhrif á virkni pennans.

- Taktu nýja insúlínrörlykju. Haltu á hylkinu fyrir rörlykjuna og láttu rörlykjuna renna niður með **endann fyrir nálina fyrst** eins og sýnt er á myndinni. Liturinn á rörlykjunni getur verið annar en sá sem sýndur er á myndinni. Liturinn fer eftir því hvaða gerð af insúlíni þú notar.




Athugaðu nafnið og litinn á rörlykjunni til að vera viss um að hún innihaldi þá tegund af insúlíni sem þú þarft. Ef þú notar ranga gerð af insúlíni getur blóðsykurinn hugsanlega orðið of hár eða lágur.

Athugaðu hvort rörlykjan hafi skemmst, t.d. sprungið. Sjáðu hvernig það er gert í **fylgiseðlinum með Penfill® 3 ml rörlykju, sem er í Penfill® 3 ml rörlykju pakkningunni.**

Athugaðu hvort insúlínið líti út eins og það á að gera. Í fylgiseðlinum með Penfill® 3 ml rörlykju getur þú séð hvernig þín tegund af insúlíni á að líta út.

NovoPen® 6 er hannaður til notkunar með Penfill® 3 ml rörlykju og NovoFine® Plus eða NovoTwist® einnota nálum, allt að 8 mm að lengd.

5



- Skrúfaðu hylkið fyrir rörlykjuna aftur á pennann eins og sýnt er á myndinni, þar til þú **heyrir eða finnur smell**.


Ef notað er hvítt eða skýjað insúlín

Ef þú notar insúlínrörlykju með insúlíni sem er skýjað (hvít insúlíndreifsla) **skal alltaf endurblanda það rétt fyrir inndælingu.** Sjá fylgiseðil með Penfill® 3 ml rörlykju til að fá upplýsingar um hvernig á að endurblanda þína tegund af insúlíni.

Gakktu úr skugga um að það sé nægilegt rými í rörlykjunni áður en þú endurblandar insúlínið:


Stimpillinn á að vera **yfir hvíta strikinu** á hylkinu fyrir rörlykjuna, þegar haldið er á pennanum eins og sýnt er á myndinni. Það er nauðsynlegt til að tryggja að glerkúlan í rörlykjunni hafi nægilegt rými til að endurblanda insúlínið.

Ef stimpillinn fer niður fyrir hvíta strikið skal skipta um insúlínrörlykju og setja nýja í, *sjá blaðsíður 26-27.*




6 Ný nál sett á pennann

1



- Taktu nýja nál og fjarlægðu pappírslipann.
- Þrýstu nálinni **beint** á pennann. **Snúðu þar til hún situr þétt.**

2



- Dragðu af ytri nálarhettuna og geymdu hana. Hana skal nota síðar eftir inndælingu, þegar fjarlægja skal notaða nál á öruggan hátt.





Notaðu alltaf nýja nál við hverja inndælingu. Það dregur úr hættunni á stífluðum nálum, mengun, sýkingum og ónákvæmri skömmtun.

Notaðu aldrei bogna eða skemmda nál.

Ekki setja nýja nál á pennann fyrr en þú ert tilbúin(n) að gefa næstu inndælingu.


- Fjarlægðu innri nálarhettuna og fargaðu henni.
Hugsanlegt er að dropi af insúlíni sjáist á nálaroddinum. Það er eðlilegt **en engu að síður skal prófa insúlínflæðið.**



 Tvær hettur eru á nálinni. Þú verður að fjarlægja báðar hetturnar. Ef þú gleymir að fjarlægja báðar hetturnar mun ekkert insúlín dælast inn og blóðsykurinn getur orðið of hár.

 NovoPen® 6 er hannaður til notkunar með Penfill® 3 ml rörlykju og NovoFine® Plus, NovoFine® eða NovoTwist® einnota nálum, allt að 8 mm að lengd.

ALLTAF skal prófa insúlínflæðið fyrir inndælingu



Prófaðu ALLTAF insúlínflæðið fyrir inndælingu.

Haltu áfram að prófa þar til buna af insúlíni kemur frá nálaroddinum. Þetta tryggir að holrúm eða loftbólur hafa verið fjarlægðar og að insúlín nær í gegnum nálina.



- Dragðu út þrýstihnappinn, ef hann er ekki þegar úti.
- Snúðu þrýstihnappinum og veldu **2 einingar**.

- **Ýttu þrýstihnappinum niður** þar til skammtateljarinn sýnir „0“.
„0“ á að vera til móts við skammtavísinn.
- Athugaðu hvort buna af **insúlíni komi** frá nálaroddinum.

Ef ekkert insúlín kemur skaltu endurtaka skref 1-3 þar til buna af insúlíni kemur frá nálaroddinum.

Ef ekkert insúlín kemur í ljós eftir nokkrar tilraunir skaltu athuga í insúlín glugganum hvort bil sé á milli svarta stimpilsendans og stimpilsins, *sjá mynd 3A og 3B*. Ef þú sérð ekkert bil skaltu skipta um nál og athuga insúlínflæðið aftur.


Prófun á insúlínflæðinu er lokið þegar þú sérð bunu af insúlíni koma frá nálaroddinum.



Ekki reyna inndælingu ef ekkert insúlín kemur í ljós.

Hugsanlega mun ekkert insúlín verða gefið, þó að skammtateljarinn færirist. Það getur valdið of háum blóðsykri.

Ef ekkert insúlín kemur í ljós eftir endurteknar prófanir á flæðinu skaltu ekki nota pennann. Hafðu samband við söluaðila til að fá nýjan penna.



- Dragðu þrýstihnappinn út, ef hann er ekki þegar úti.
- Vertu viss um að skammtateljarinn sýni "0" áður en byrjað er. „0“ á að vera til móts við skammtavísinn.



- Snúðu þrýstihnappinum til að velja þann skammt sem þarf. Snúa má þrýstihnappinum fram og aftur.

- i** Þrýstihnappurinn breytir fjölda eininga. Aðeins skammtateljarinn og skammtavísirinn sýna valinn fjölda eininga í hverjum skammti. Hægt er að velja allt að 60 einingar í skammti.



Lítu alltaf í gegnum insúlíngluggann til að **ganga úr skugga um að insúlínið í pennanum liti út eins og það á að gera**. Í fylgiseðlinum með Penfill® 3 ml rörlýkju má sjá hvernig insúlínið sem þér er ætlað á að líta út.

Notið alltaf skammtateljarann og skammtavísinn til að sjá hve margar einingar hafa verið valdar.

Ekki nota insúlínkvarðann á hylkinu fyrir rörlýkjuna. Hann sýnir einungis um það bil hve mikið insúlín er eftir í pennanum.

Ekki telja smellina í pennanum.

Ef stillt er á rangan fjölda eininga og þeim dælt inn mun blóðsykurinn hugsanlega verða of hár eða of lágur.



Auðvelt á að vera að snúa þrýstihnaðnum. Ekki skal þvinga hann til að snúast.

Þegar færri en 60 einingar eru eftir í pennanum stöðvast skammtateljarinn við þann fjölda eininga sem eru eftir í pennanum. *Sjá blaðsíður 24—25 ef þú þarft meira insúlín en eftir er í rörlýkjunni.*



Prófaðu ALLTAF insúlínflæðið fyrir inndælingu.



- **Athugaðu nafnið og litinn** á rörlykjunni til að tryggja að hún innihaldi þá gerð af insúlíni sem þú þarft. Ef notuð er röng gerð af insúlíni getur blóðsykurinn hugsanlega orðið of hár eða of lágur.
- **Stingdu nálinni í húðina** eins og læknirinn eða hjúkrunarfræðingur hefur sýnt þér.
- **Vertu viss um að sjá skammtateljarann.**
- **Ýttu þrýstihnappinum inn** þar til skammtateljarinn sýnir „0“. „0“ verður að standa til móts við skammtavísinn. Þú heyrir e.t.v. smell eða finnur fyrir honum.



- Eftir að skammtateljarinn sýnir „0“ **skaltu láta nálina vera í húðinni og telja rólega upp að 6.**
Ef nálina er fjarlægð of snemma gættir þú séð bunu af insúlíni koma frá nálaroddinum. Ef það gerist hefur fullur skammtur ekki verið gefinn og þú skalt athuga blóðsykurinn oft.

- Fjarlægðu nálina úr húðinni.




Gefðu alltaf skammt með því að ýta þrýstihnappnum inn. Ekki snúa honum. Ef þrýstihnappnum er snúið er engu insúlíni dælt inn.

Notaðu alltaf skammtateljarann til að vita hve mörgum einingum þú hefur dælt inn. Ekki telja smellina í pennanum. Skammtateljarinn sýnir nákvæman fjölda eininga.

Ef þrýstihnappurinn stöðvast áður en skammtateljarinn sýnir „0“ er nálina hugsanlega stífluð. Snúðu skammtateljaranum aftur á „0“ og skiptu yfir í nýja nál. Prófaðu insúlínflæðið og dældu inn fullum skammti.



Hugsanlega kemur dropi af insúlíni í ljós á nálaroddinum eftir inndælingu. Það er eðlilegt og hefur ekki áhrif á skammtinn.



14 Eftir inndælingu



- Fjarlægðu nálina strax með því að skrúfa hana af í ílát fyrir oddhvassa hluti.



- Ef þú ert ekki með ílát fyrir oddhvassa hluti skaltu nota aðra höndina til að setja nálarhettuna aftur á nálina. **Settu nálaroddinn inn í ytri nálarhettuna** og láttu pennann liggja á sléttu yfirborði, án þess að snerta nálina.



- Ekki hreyfa við ytri nálarhettunni fyrr en hún hylur nálina.
- Þegar hún hylur nálina er **ytri nálarhettunni þrýst varlega alveg á.**




Aldrei reyna að setja innri nálarhettuna á nálina aftur. Þú gætir stungið þig á nálinni.

- Haltu um svarta hylkið fyrir rörlykjuna og skrúfaðu nálina af. Fargaðu henni varlega eins og læknirinn eða hjúkrunarfræðingurinn hafa sagt þér.



- **Settu pennahettuna aftur á pennann** eftir hverja notkun til að verja insúlínið gegn ljósi.
- Geymdu pennann vel. Penninn á að vera þar sem aðrir **hvorki ná til né sjá, sérstaklega börn**. Sjá upplýsingar á blaðsíðu 31 um hvernig á að geyma pennann.



- !** **Haltu alltaf um svarta hylkið fyrir rörlykjuna þegar þú skrúfar nálina af.** Annars gættir þú skrúfað pennann í sundur. Ef það gerist skaltu skrúfa pennann saman aftur. Skiptu um nál og prófaðu insúlínflæðið aftur fyrir næstu inndælingu til að tryggja að þú fái fullan skammt.

Fjarlægðu alltaf og fargaðu notuðum nálum frá pennisnum á öruggan hátt, til dæmis í ílát fyrir oddhvassa hluti, eins og læknirinn eða hjúkrunarfræðingurinn hafa sagt. Það minnkar hættuna á stífluðum nálum, mengun, sýkingu og ónákvæmri skömmtun. Ekki geyma pennann með nálinni á.

1

Fjöldi eininga í
síðustu
inndælingu



Tími frá síðustu
inndælingu

Penninn er með skammtaminni sem geymir upplýsingar um **hve mikið** insúlín þú fékkst við síðustu inndælingu og **tímann sem liðinn er** frá inndælingunni:

- Talan efst sýnir **fjölda eininga** sem þú dældir síðast inn.
- Klukkan fyrir neðan sýnir **klukkustundir, mínútur og sekúndur (kk:mm:ss)** sem liðnar eru frá síðustu inndælingu.

Dæmið hér til vinstri sýnir að 5 einingum var dælt inn fyrir 3 klukkustundum, 45 mínútum og 10 sekúndum síðan.

Hvernig virkar það?

Skammtaminnið skráir skammtinn þegar skammtateljarinn fer aftur á „0“ og þrýstihnappnum hefur verið þrýst alveg inn eftir inndælingu.

Athugið að skammtaminnið **geymir** eingöngu **upplýsingar um síðustu inndælingu eða prófun á insúlínflæði**. Það þýðir að þegar þú athugar insúlínflæði fyrir nýja inndælingu mun það skrifa yfir upplýsingar frá síðustu inndælingunni.


Hvað man skammtaminnið?

Skammtaminnið **geymir** einnig **upplýsingar um þínar inndælingar síðustu þrjá mánuðina**. Þú getur aðeins séð þessar upplýsingar ef þú færir þær til dæmis yfir í snjallsíma, spjalddölvu, tölvu eða blóðsykursmæli. *Sjá blaðsíður 20-21* um hvernig á að nota upplýsingarnar til að halda persónulega skrá um inndælingar.



Skammtaminnið segir **ekki** hve mikið insúlín þú þarft við næstu inndælingu. Ef þú ert í vafa um hve mikið insúlín þú þarft skaltu athuga blóðsykurmagn hjá þér. Annars áttu það á hættu að fá of mikið eða of lítið insúlín.

18 Hvernig síðasti skammtur er athugaður



- Vertu viss um að skammtateljarinn sýni „0“ áður en þú byrjar. „0“ verður að standa til móts við skammtavísinn.
- Dragðu þrýstihappinn út.



- Ýttu þrýstihappnum aftur inn.

Núna sýnir glugginn upplýsingar um síðasta skammt. Það slokknar á glugganum eftir 15 sekúndur.



Ef þig grunar að skammtaminnið sýni rangar upplýsingar, til dæmis ef þú hefur meðhöndlað pennann á annan hátt en þú ætlaðir, skaltu alltaf mæla blóðsykurinn áður en þú velur skammt fyrir næstu inndælingu.

Ekki snúa þrýstihlappnum þegar þú athugar síðasta skammt. Ef þú snýrð honum og ýtir á hann glatast upplýsingarnar um síðasta skammt.

Ef þú óvart snýrð þrýstihlappnum skaltu snúa honum aftur á „0“, áður en þú ýtir honum inn. Þá glatast **ekki** upplýsingarnar um síðasta skammt.

20 Hvernig persónuleg skrá yfir inndælingar er haldin

Skammtaminnið í pennanum má tengja nándarmælingum (NFC, near field communication). **Ef þú ert með snjallsíma, spjaldtölvu, tölvu, blóðsykursmæli eða annað tæki sem styður einnig NFC** getur þú fært þínar upplýsingar um inndælingar úr pennanum yfir í tækið til að halda þína eigin skrá yfir inndælingar. Þú þarft einungis að ganga úr skugga um að tækið hafi app (smáforrit) sem hentar eða annan hugbúnað sem getur lesið og sýnt upplýsingar um inndælingarnar.

1 Athugaðu hvort tækið geti tekið við nándarmælingum (NFC).

Athugaðu notkunarleiðbeiningar fyrir tækið til að kanna hvort tækið taki við NFC og nákvæmlega hvar NFC er staðsett í tækinu.

2 Athugaðu hvort tækið sé með „app“ (smáforrit) eða annan hugbúnað til að lesa upplýsingar um inndælingar þínar.

Ef tækið er ekki með smáforrit eða annan hugbúnað sem hentar getur þú fundið það og hlaðið niður eða haft samband við fulltrúa Novo Nordisk til að fá upplýsingar.

3 Athugaðu smáforritið eða annan hugbúnað til að kanna:

- hvernig skal undirbúa tækið til að taka við upplýsingunum.
- hvernig sýna á upplýsingar um inndælingar.





4 Upplýsingar um inndælingar fluttar yfir í tækið.

- **Haltu** skammtaminni pennans beint að NFC svæðinu á tækinu.
- **Bíddu** á meðan upplýsingar síðustu inndælinga hafa sjálfkrafa verið fluttar yfir í tækið.



**Dæmi um
auðkenni**

Penninn er með sérstakt auðkenni sem er staðsett á þrýstihnaðnum eins og sýnt er. Þegar inndælingaskrá þín sést á tækinu er auðkenni pennans tengt upplýsingum þínum um inndælingar.

Ef þú notar mismunandi penna fyrir mismunandi gerðir af insúlíni skaltu athuga auðkenni pennans. Það sýnir frá hvaða penna upplýsingarnar um inndælingar koma.

22 Hvernig athugað er hve mikið insúlín er eftir



Skammtateljarinn sýnir nákvæmlega hve mikið insúlín er eftir í rörlykjunni, þegar færri en 60 einingar eru eftir.


- Snúðu þrýstihnappnum þar til hann stöðvast.
- Athugaðu skammtateljarann:
 - Ef hann sýnir „60“: **60 einingar eða fleiri** eru eftir í rörlykjunni.
 - Ef hann sýnir lægri tölu en „60“: **Þá sést sá fjöldi eininga sem eftir er** í rörlykjunni.
- Snúðu þrýstihnappinum til baka þar til skammtateljarinn sýnir „0“.

- Notaðu **insúlinkvarðann** til að sjá hve mikið insúlín er **um það bil** eftir í insúlínrörlykjunni.



- Ef þú þarft meira insúlín en eftir er í rörlykjunni skaltu taka fullan skammt úr nýrri rörlykju, *sjá blaðsíðu 24*.

24 Ef þú þarft meira insúlín en eftir er í rörlykjunni



Ef þú þarft meira insúlín en eftir er í rörlykjunni **skaltu taka fullan skammt úr nýrri rörlykju.**

- Fjarlægðu nálina. Snúðu hylkinu fyrir rörlykjuna af og fargaðu notuðu rörlykjunni.
- Settu nýja rörlykju í, *sjá blaðsíður 2-4.*



- Tengdu nýja nál og **prófaðu insúlínflæðið**, *sjá blaðsíður 6-9.*



- Veldu og dældu inn **fullum skammti með nýju rörlykjunni**, *sjá blaðsíður 10-13.*



Aðeins ef þú hefur fengið þjálfun eða ráðleggingar frá læknum eða hjúkrunarfræðingi máttu skipta skammtinum á milli tveggja rörykja.

Ef þú verður annars hugar, reiknar skakkt út eða gleymir að prófa insúlínflæðið getur þú í það skiptið fengið of lítinn eða of stóran skammt sem gæti leitt til þess að blóðsykurinn verði of mikill eða of lítill.

Ef þér líður illa eftir að hafa skipt skammti skaltu mæla blóðsykurinn og/eða hafa samband við lækinn eða hjúkrunarfræðing.

Ef þú skiptir skammtinum:

- 1** **Prófaðu insúlínflæðið.**
- 2** Athugaðu nákvæmlega hve mikið insúlín er eftir og skrifaðu það hjá þér. Snúðu þrýstihnappnum þar til hann stöðvast. Skammtateljariinn sýnir þá fjölda eininga sem eftir eru í rörykjinni.
- 3** Dældu inn öllu insúlíninu sem er eftir í rörykjinni.
- 4** Reiknaðu út hve margar einingar þú þarft í viðbót til að fá fullan skammt.
- 5** Fjarlægðu notuðu málina og rörykjuna.
- 6** Settu nýja rörykju í og undirbúðu hana til inndælingar.
- 7** Settu nýja nál á pennann og **prófaðu insúlínflæðið.**
- 8** Veldu afganginn af skammtinum og dældu honum inn með nýju rörykjinni.




Ef þú skiptir skammtinum og gefur tvær inndælingar mun skammtaminnið aðeins geyma upplýsingar um seinni inndælinguna.

26 Hvernig skipt er um notaða insúlínrörlykju



- Fjarlægðu nálina af pennanum og fargaðu henni, ef hún er enn á pennanum, *sjá blaðsíður 14-15*.



- Snúðu hylkinu fyrir rörlykjuna af.

i Þegar þú snýrð af hylkinu fyrir rörlykjuna mun stimpilsstöngin standa út úr pennanum. Hún getur færst til af sjálfu sér. Þrýstu henni aftur inn eins og *sýnt er á blaðsíðu 2*.

- Hallaðu hylkinu fyrir rörlykjuna og **láttu rörlykjuna renna út.** Fargaðu henni eins og lækurinn eða hjúkrunarfræðingur hefur sagt fyrir um.
- Þrýstu stimpilsstönginni aftur inn. **Settu síðan nýja rörlykju í** og snúðu hylkinu fyrir rörlykjuna aftur á pennann. Settu nýja nál á og prófaðu insúlínflæðið, *sjá blaðsíður 6-9.*





Skammtaminnið er óvirkt eða rafhlaðan tóm

Rafhlaðan er tóm eða skammtaminnið hefur ekki verið virkjað.

Hvað skal gera?

Dragðu þrýstihnappinn út og þrýstu honum síðan inn aftur til að sýna upplýsingar um síðustu inndælingu. Ef skammtaglugginn sýnir ekkert eftir það er rafhlaðan tóm.

Hafðu samband við söluaðilann til að fá nýjan penna. Þú getur áfram notað pennann til inndælingar á insúlíni þar til þú færð nýjan penna. *Sjá upplýsingar um ábyrgð á blaðsíðu 32.*

Skammtaminnið virkjust þegar þú notar NovoPen® 6 í fyrsta skiptið



Síðasta inndæling ekki skráð

Skammtaminnið hefur ekki skráð síðustu inndælingu.

Hvað skal gera?

Venjulega byrjar skammtaminnið að virka aftur eftir næstu inndælingu.

Ef ekki hafðu þá samband við söluaðila til að fá nýjan penna. Þú getur áfram notað pennann til inndælingar á insúlíni án þess að nota skammtaminnið.

Ef þú ert í vafa um hve miklu insúlíni þú hefur hefur dælt inn skaltu mæla blóðsykurinn.



Penninn nálgast fyrningu

Rafhlaðan fer að verða tóm og skammtaminnið nálgast fyrningu.

Hvað skal gera?

Endingartími pennans er fjögur til fimm ár. Þegar rafhlaðan fer að verða tóm og skilaboðin "End" hafa runnið yfir gluggann í einhvern tíma, mun slokkna á glugganum og hann hætta að virka.

Hafðu samband við söluaðilann til að fá nýjan penna. Þú getur áfram notað pennann til inndælingar á insúlíni þar til þú færð nýjan. *Sjá upplýsingar um ábyrgð á blaðsíðu 32.*

Umhirða

- **Notaðu NovoPen® 6 aðeins** eins og lýst er í þessum leiðbeiningum.
- **Þú mátt ekki missa pennann** eða reka hann í hart yfirborð. Ef þú missir hann eða grunar að hann sé bilaður skaltu athuga hvort insúlínrörlykjan hafi skemmst, t.d. sprungið. Skiptu um rörlykju og settu nýja í ef þú telur það nauðsynlegt.
- **Haltu pennanum frá** beinu sólarljósi, ryki, óhreinindum, vökva og háum hita.
- **Ekki reyna að gera við pennann** eða taka hann í sundur.
- Penninn er með innbyggða litíum rafhlöðu. Af öryggisástæðum er ekki hægt að skipta um hana. Þegar rafhlaðan er tóm skaltu hafa samband við söluaðilann til að fá nýjan penna. Þú getur áfram notað pennann til inndælingar á insúlíni án þess að nota skammtaminnið.

① **Líftími rafhlöðunnar er fjögur til fimm ár ef fyrsta notkun hans er fyrir dagsetninguna sem prentuð er við hliðina á þessu merki á ytri umbúðunum.**

Þrif

- **Aðeins má þrifa pennann** með rökum klúti sem aðeins er vættur með **mildu hreinsiefni**.
- **Þú mátt ekki þvo pennann, leggja hann í vatn eða smyrja hann.** Ekki nota efni sem innihalda bleikiefni, svo sem klór, joð eða etanól til að þrifa pennann. Það getur skemmt hann.
- Ef insúlín lendir á pennanum **skaltu þrifa það áður en það þornar** með rökum klúti sem er aðeins vættur með mildu hreinsiefni.



Verður að geyma á þurrum stað.

Geymsla

- Sjá upplýsingar um geymsluskilyrði í fylgiseðli sem fylgir með Penfill® 3 ml rörlykju pakkningunni ef penninn er geymdur með Penfill® 3 ml rörlykju.
- Geymdu pennann við stofuhita ef hann er ekki með insúlínrörlykju.
- **Ekki geyma pennann með nálinni á.**
- **Penninn má ekki frjósa** eða vera geymdur í kæli við hliðina á kælieiningu.
- **Geymdu insúlínrörlykjuna** eins og getið er um í fylgiseðlinum með Penfill® 3 ml rörlykjum. Þar getur þú einnig séð upplýsingar um fyrningardagsetningu. Fyrningardagsetningin sem prentuð er á rörlykjuna gildir fyrir ónotaðar rörlykjur í kælikáp. Notaðu aldrei rörlykju eftir að fyrningardagsetningin á rörlykjunni eða á pakkanum er liðin.
- **Geymdu pennann**, eftir því sem við verður komið, **í veskinu sem fylgir með.**

Förgun

- **Ekki má farga pennanum** með heimilissorpi.
- **Fylgdu ráðleggingum læknisins, hjúkrunarfræðings, lyfjafræðings eða yfirvalda um förgun pennans.** Hafðu umhverfið í huga þegar þú fargar pennanum. Hann inniheldur litíum-rafhlöðu, rafhluta og endurrunnið efni. Fjarlægðu einnig nálina og insúlínrörlykjuna áður en þú fargar pennanum.
- Umbúðirnar má endurvinna.



Farga skal raftækjum aðskildum frá öðrum úrgangi.

Ábyrgð

Ábyrgðartími NovoPen® 6 er 3 ár, sem nær einnig til skammtaminnisins.

Ef þú kemst að því að NovoPen® 6 er bilaður mun Novo Nordisk láta þig hafa nýjan. Skilaðu honum til söluaðilans til rannsóknar innan þriggja ára frá því að þú fékkst hann. Sendu kvittunina með frá því að þú fékkst NovoPen® 6 pennann.

Ef grunur leikur á að alvarlegt atvik (aukaverkun) hafi átt sér stað meðan á notkun NovoPen® 6 stendur, skal tilkynna það til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is.

Framleiðandinn tekur ekki á sig ábyrgð á bilunum á NovoPen® 6 pennanum, ef þessum leiðbeiningum hefur ekki verið fylgt.

Ef þér finnst að upplýsingarnar sem fylgja með þessum notkunarleiðbeiningum vera rangar skaltu hafa samband við söluaðilann til að greiða úr vandamálinu.

Ef þú þarft að nota lotunúmer pennans er það að finna á þrýstihappnum eins og lýst er á myndinni á innri síðu kápunnar.

NovoPen®, Penfill®, NovoFine® og NovoTwist® eru skrásett vörumerki í eigu Novo Nordisk A/S, Danmörku.

N Mark er vörumerki eða skrásett vörumerki NFC Forum, Inc. í Bandaríkjunum og í öðrum löndum.

Tæknilegar upplýsingar

CE merkið á lækningatæki þýðir að varan er í samræmi við tilskipun frá Evrópusambandinu um lækningatæki 93/42/EEC.

Novo Nordisk A/S lýsir því hér með yfir að gerð NovoPen® 6 fyrir útvarpsbylgjur er í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins 2014/53/EU. Heildartexta EU tilskipunar má finna á eftirfarandi vefslóð: <http://bit.ly/NovoPen6>

NovoPen® 6 uppfyllir sértæk fráviksmörk um skammtanákvæmni samkvæmt staðlinum ISO 11608-1. Pen-Injectors for Medical Use, Part 1: Requirements and test methods.

Geymsla og notkunarskilyrði

- Án insúlínörlykju:
 - Hitastig: 5 °C til 40 °C
 - Rakastig: 15% RH til 93% RH
 - Loftþrýstingur: 700 hPa til 1.060 hPa.
- Með insúlínörlykju:
 - Sjá leiðbeiningar í fylgiseðli með Penfill® 3 ml örlykju sem fylgir með pakkningu Penfill® 3 ml örlykju.

Notkunarháttur

Til samfelldrar notkunar.

Vörn gegn innstreymi

NovoPen® 6 er merktur með IP50, þar sem:

- 5 þýðir vörn gegn skaðlegu magni af ryki.
- 0 þýðir að tækið er ekki varið gegn innstreymi vökva.



Vörn gegn raflosti

Gerð: Internally Powered ME Equipment.

Stig: Type BF Applied Part.

Rafsegulssamhæfni

Þó að penninn sé hannaður með vörn gegn skaðlegum truflunum við heimilisaðstæður þá gefur NovoPen® 6 frá sér, notar og getur geislað orku á tíðni útvarpsbylgja (RF). Því getur orðið truflun við vissar aðstæður.

Inndælingunum er ekki stjórnað með rafeindatækni og skammtanákvæmni verður því ekki fyrir truflunum frá rafsegulsviði.

Útgáfudagsetning: 2019/05

© 2020
novonordisk.com

Framleiðandi:
Novo Nordisk (China)
Pharmaceuticals Co. Ltd.
99 Nanhai Road, TEDA
300457 Tianjin, Kína

Fyrir
Novo Nordisk A/S
Novo Allé
DK-2880 Bagsværd, Danmörk



8-4260-41-040-1